

Ísafjarðarbær
bt. Birgis Guðmundssonar, bæjarstjóra

Varðar: Umsókn Nemendagarða Lýðskólans á Flateyri um stofnframlag og úthlutun lóða til byggingar þriggja húsa.

Hjálagt er áætlun Nemendagarða vegna umsóknar þeirra til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um stofnframlag og lán til byggingar 16 íbúða fyrir nemendur Lýðskólans á Flateyri. Þar er lögum samkvæmt gert ráð fyrir mótframlagi sveitarfélags upp á 12% af stofnvirði eigna. Hluti af kostnaði við byggingarnar er lóðaverð, gatnagerðargjöld og tengigjöld til sveitarfélagsins.

Sótt er um framlag Ísafjarðarbæjar skv. þessu og óskað nú þegar eftir staðfestingu sveitarfélagsins á að slík umsókn hafi borist, þótt efnisleg afstaða til hennar verði tekin síðar.

Jafnframt er þess óskað að bæjarfélagið veiti vilyrði fyrir lóðaúthlutun eftirfarandi lóða, með fyrirvara um að HMS samykki umsókn Nemendagarða um stofnframlag og að bæjarfélagið geri slíkt hið sama.

Hafnarstræti 29

Grundarstígur 14

Ofangreind gögn þurfa Nemendagarða að skila til HMS eigi síðar en 11. Mars nk.

Virðingarfyllst f.h. Nemendagarða Lýðskólans á Flateyri



Formaður stjórnar

Meðfylgjandi:

Umsókn Nemendagarða til HMS(Drög)

Teikningar frá Yrki arkitektum með drögum að útliti og skipulagi húsa

Lóða umsókn til Ísafjarðarbæjar.